


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Fögur verður framtíð Íslands, ef oss auðnast að haga oss svo, að hin æðri öfl nái að koma sér við hér. Því að þá mun af íslenskrri farsæld lýsa um alla jörð, öllu mannkyni til gagns og gleði.

Helgi Þjeturss



Kvöld við Hornbjarg. Eftir málverki Jóhannesar S. Kjarval, 1908.

Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Hornbjarg

(Sjá forsíðumynd)

Yzt á Hornströndum heitir
Hornbjarg og Kópatjörn;
þeir vita það fyrir vestan,
þar verpir hvítur örn.

Um sumarnótt, er sveimar
sól yfir norðurslóð
og þoka sígur um sjóinn,
hann situr rauður sem blóð.

Og örninn lítur ekki
o'n á hið dimma haf,
og horfir í himinljómann; —
hafskipið sökkur í kaf.

Jónas Hallgrímsson.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 3. mars 1976.

Þann 3. mars 1976, var haldinn félagsfundur í Félagi Nýalssinna að Álfrólsvogi 121.

Formaður félagsins, Ingvar Agnarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Formaður las upp beiðni um inngöngu í félagið. Var það Guðmundur Magnússon, Bröttukinn 5, Hafnarfirði. Var hann samþykktur samhljóða.

Formaður las þá upp bréf, sem skrifað hafði verið á vegum stjórnar félagsins og sent hafði verið til aðila, sem sagt höfðu sig úr félaginu. Þá las hann einnig svarbréf frá einum þessara aðila þar sem hann lýsti því yfir, að þær forsendur sem urðu þess valdandi að hann sagði sig úr félaginu væru enn fyrir hendi.

Þá tók Atli Hraunfjörð til máls og kvaðst notfæra sér boð stjórnarinnar og ganga aftur í félagið. Síðan flutti Atli greinargerð Sigríðar Guðmundsdóttur vegna brottfarar hennar úr félaginu. Lýsti hún á skilmerkilegan hátt afstöðu sinni til félagsins og málefnis Nýalssinna. Þakkaði formaður Atla og bauð hann hjartanlega velkominn í félagið aftur. Hann þakkaði einnig Sigríði fyrir hreinskilni í garð Nýalssinna.

Þorsteinn Guðjónsson tók næstur til máls og ræddi um minnisverða atburði mánaðarins. Minntist hann á nýlega orðið sjóslys, landhelgisdeiluna o. fl. Einnig minntist hann á fyrirbrigði sem hafði gerst á æskulýðsmóti þar sem nokkrir hefðu talað framandi tungum. Og taldi hann að það hefði alveg eins getað verið tungur framandi hnatta.

Laganefnd lagði nú fram drög að lögum sem nefndin hafði samíð. Gunnar Grímsson form. nefndarinnar tók til máls og skýrði störf nefndarinnar og nefndi ýmsar af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið, þar á meðal um kosningu í stjórn félagsins.

Atli Hraunfjörð óskaði skýringar við aðra gr. félagslaganna. Gunnar Grímsson svaraði og skýrði og bar saman gömlu og nýju greinina. Fleiri mæltu nokkur orð um sama efni.

Formaður beindi nú máli sínu til fundarmanna um hvort nokkur hefði áhuga á störfum uppstillingarnefndar. Sigríður Jónsdóttir tók að sér að lýsa störfum nefndarinnar en kvað því miður ekki hægt að skýra frá niðurstöðum þar sem störfum nefndarinnar væri enn ekki lokið.

Ingvar Agnarsson ræddi um hið uggvænlega ástand á húsi Nýalssinna og bráða þörf á umbótum.

Kjartan Norðdahl greindi frá fyrri umbótum á húsinu og taldi að um tvær leiðir væri að ræða: Annars vegar sjálfbodavinnu — hins vegar fagmannavinnu, eða undir stjórn þeirra. Þá gat Ingvar Agnarsson þess að þrifum á salnum væri mjög ábótavant.

Næsta mál sem formaður reifaði var um húsnæði í Reykjavík fyrir Nýalssinna. Þar sem hægt væri að koma saman og vinna að málefnum félagsins innávið og útávið. Hann taldi félaginu þörf á slíkri aðstöðu og hefði stjórnin komið auga á slíkt hús í Bankastræti. Hann hefði talað við eiganda og hefði sá talað um tuttugu milljónir sem kaupverð. Taldi formaður að slík aðstaða ef úr kaupum yrði, gæti markað tímamót í sögu félagsins.

Helgi Guðlaugsson tók til máls og skýrði framkomnar tillögur um húsnæði og hafði þessum tillögum verið útbýtt meðal fundarmanna. Las hann þær upp í heild og hvatti síðan fundarmenn til að samstillta kraftana í þessu máli því það myndi skipta sköpum í framtíðarstarfi félagsins.

Pétur Gíslason tók nú til máls og taldi að mestu máli skipti að menn hugsuðu á vísindalegum grunni, öfluðu sér menntunar til að geta rætt við vísindamenn og fengið þá í lið með sér. Þá kvað hann umrætt húsnæðismál einungis auglýsingastarfsemi.

Fleiri tóku til máls og gerðu smá athugasemdir við tillögurnar, sumir töluðu tvisvar, jafnvel þrisvar.

Formaður bar fram þá spurningu, hvort nokkur hefði á móti því að stjórn félagsins kynnti sér málið og möguleika á því að þessi draumur gæti ræst. Var engum andmælum hreyft.

Ragnar Alfreðsson tók til máls og lýsti sig samþykkan stjórninni í húsnæðismálinu.

Kjartan Norðdahl talaði næstur og ræddi um drauma. Vitnaði hann í Guðmund Finnbogason og Flateyjarbók. Þótti sem þar

hefði sannast að mönnum væri mikilvægt að dreyma og muna drauma sína.

Fleira ekki fyrir tekið. — Fundi slitið.

Ragnar Þorsteinsson, ritari.

Aðalfundur 7. apríl 1976.

Þann 7. apríl 1976 var haldinn aðalfundur í Félagi Nýalssinna í stjórnumbandsstöðinni við Álfhólsveg. Hann hófst kl. 21.00.

Formaður félagsins Ingvar Agnarsson setti fundinn og kvaddi til fundarstjóra Gunnar Grímsson og ritara Ragnar Þorsteinsson.

1. Dagskrá fundarins lesin upp, fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

Formaður las upp umsóknir þriggja kvenna um inngöngu í Félag Nýalssinna en þær voru: Guðrún Hauksdóttir, Smiðjustíg 10, Oddný Pétursdóttir, Efstalandi 24, og Borghildi Pétursdóttir, Laugateig 12.

Næst á dagskrá var að Þorsteinn Guðjónsson minntist látins féлага Guðmundar Kristinssonar, sem lengi hafði verið virkur og góður stuðningsmaður í félaginu.

Næst las Sigríður Jónsdóttir upp nöfn á þeim mönnum sem uppstillingarnefnd hafði stillt upp til stjórnarkjörs.

2. Ingvar Agnarsson tók nú til máls og ræddi um starfsemi félagsins almennt og taldi að þar risi hæst miðilsstarfsemi. Minntist hann sérstaklega einstakra funda í lífefnafræðilegum tilgangi, sem að mati forráðamanna hefði borið nokkurn árangur. Einnig taldi Ingvar upp mjög marga miðla, sem starfað hefðu að mál-efnum Nýalssinna. Þá minntist hann á kynningar og umræðufundi, sem gefist hefðu all vel, þar á meðal í Hrunamannahreppi og á Akureyri. Einnig hefði verið haldinn vel heppnaður fræðslufundur þann 14. okt. á fyrra ári. Þann fund sóttu fjórutíu manns. Þá lýsti Ingvar félagsfundum og stjórnarfundum og taldi upp ýmsar greinar í blöðum um málefni Nýals, kom greinilega í ljós að töluvert hafði verið ritað um þessi mál. Hann gat þess að nokkrar athyglisverðar samþykktir hefðu verið gerðar á félagsfundum á árinu, svo sem um hækkuð félagsgjöld, samþykkt nafn á tímariti Nýalssinna, Lífgeisla, og umboð til Ingvars Agnarssonar til að sjá um útgáfu tímaritsins í eitt ár að minnsta kosti. Þá ræddi Ingvar um gjafir, sem félaginu hefðu borist og færði gefendum þakkir. Þá fjallaði hann nokkuð um ástand stjórnumbandsstöðvarinnar og taldi bráða þörf til úrbóta. Hann ræddi um útgáfu á vegum

félagsins og minntist á Miðgarð og Lífgeisla, einnig um bækur um málefni Nýalssinna. T.d. bók um heimspeki Helga Pjeturss eftir Elsu Vilmundardóttur og aðra um svipað efni, óútkomna eftir Ólaf Halldórsson. Næst ræddi Ingvar um ferðalög Nýalssinna, sem hefðu verið ánægjuleg. Þá minntist hann þeirra félaga sem látist höfðu á árinu og bað menn votta þeim virðingu með því að rísa úr sætum. Hann gat þess að tuttugu og einn maður hefði gengið í félagið á árinu en sex sagt sig úr. Ekki taldi hann blása byrlega fyrir nýrri stjörnusambandsstöð. Þá minntist hann á erlend bréfaviðskipti, sem snertu málefni Nýals. Hann gat um nokkur furðufyrirbæri sem sést hefðu á lofti hérlendis. Að lokum ræddi hann ýmis almenn atriði, sem hann taldi varða málefni Nýals. Sagði hann greinileg helstefnueinkenni víða á þessari jörð. Aftur á móti taldi hann jákvætt hvað margir hér á landi teldu framhaldslíf eiga sér stað, samkvæmt könnunum.

3. Næst á dagskránni voru reikningar félagsins fyrir árið 1975. Tekjur voru samtals kr. 920.865. Tekjuafgangur kr. 198.000. Nettóeign kr. 2.449.567.

Helgi Guðlaugsson tók til máls er hann hafði lokið að skýra út reikninga og taldi að betur mætti standa að fjármögnun félagsins og hvatti menn til dáða í þeim efnunum.

Næstur talaði Guðmundur Jónsson og óskaði að getið yrði flygils á eignareikningi. Flygillinn hafði verið gefinn félaginu.

Þá tók til máls Magnús Skarphéðinsson og óskaði eftir vitneskju um ágreining innan félagsins.

Pétur Gíslason talaði um að við ættum að vinna með kirkjunni, þá yrði betur hlustað á okkur.

Næst svaraði Helgi Guðlaugsson út af flyglinum og sagði margt fleira af tækjum vera utan við reikninga, enda gefið af ýmsum félagsmönnum og enn óverðlagt.

Haukur talaði um breytingar á félagslögnum og taldi þær til bóta.

Pétur Gíslason óskaði eftir að önnur grein laganna yrði um trú á Helga Pjeturss. Lagði hann fram tillögu í því sambandi um breytingu á fyrstu grein, svohljóðandi:

Þetta er félag þeirra manna sem hafa trú á Helga Pjeturss og rannsóknnum hans, og vilja afla viðurkenningar á rannsóknum hans og stuðla að rannsóknnum á kenningum hans.

Pjetur Gíslason.

Breytingartillaga Péturs var felld.
Hrafnhildur Norðdahl bar fram breytingartillögu við 12. gr.
svohljóðandi:

*Sé félaginu slitið skal þess farið á leit við Háskóla Íslands
að hann varðveiti eignir þess.*

Þessi breytingartillaga var samþykkt. Lögín voru svo samþykkt
með þessari breytingu með samhljóða atkvæðum.

Næst var gengið til kosninga samkvæmt tillögum uppstillingar-
nefndar. Nokkrar umræður urðu um tillögur nefndarinnar. Breyt-
ingartillaga kom fram frá Þórarni Helgasyni um að í stað Þóris
Kristinssonar sem varamaður kæmi Þorsteinn Guðjónsson. Var
kosið á milli þessara manna og hlaut Þorsteinn 21 atkv. en Þórir
11 atkv.

Stjórn Félags Nýalssinna er nú þannig skipuð:

Kjartan Norðdahl, formaður

Helgi Guðlaugsson, varaformaður

Gunnar Grímsson, gjaldkeri

Ingvar Agnarsson, ritari

Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi

Benedikt Björnsson, varamaður

Þorsteinn Guðjónsson, varamaður.

Endurskoðendur: Ægir Ólafsson og Ragnar Þorsteinsson.

Fleira ekki fyrir tekið. — Fundi slitið.

Ragnar Þorsteinsson, ritari.

Reikningar Félags Nýalssinna fyrir árið 1975

REKSTRARREIKNINGUR ársins 1975

Gjöld:

Keyptur Nýall	343.340	
÷ Birgðir 31/12	332.000	11.340
Útgáfukostnaður Félagsblaðs		115.000
Útgáfukostnaður tímaritsins Lífgeisla		270.000
Hitakostnaður	31.876	
Rafmagn	27.407	
Póstburðargjöld	45.555	
Auglýsingar	29.570	
Vegalagning í Laugardal	45.520	
Viðhald húsnæðis	30.072	
Fasteignagjöld	23.052	
Símakostnaður	23.137	
Leiga á fundarhúsum	10.296	
Vátryggingar	13.894	
Prentun og pappír	8.544	
Vaxtagjöld	4.691	293.614
Afskrift innbús (10% af kr. 422.853)		42.000
Tekjuafgangur		188.911
	<u>Samtals kr.</u>	<u>920.865</u>

Tekjur:

Félagsgjöld	421.000
Gjafir og áheiti	49.200
Gjafir v/útgáfu Félagsbl. og „Lífgeisla“	385.000
Sala Nýals	30.550
Vaxtatekjur	35.115
	<u>Samtals kr.</u>
	<u>920.865</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR þann 31. 12. 1975

Eignir:

Peningar í sjóði	15.000	
Innstæða á sparisjóðsreikn.	348.609	363.609
Innstæða í sparisj.bók í Búnaðarb. (nr. 14789)		27.474
Inneign á gíróreikn. í Útvegsb. (nr. 6031)		5.463
Húseignin Álfhólsv. 121		1.479.000
Innbú og áhöld	422.853	
÷ Afskr. 31/12	42.000	
÷ Afskr. áður	192.853	234.853
Útistandandi hjá Guðjóni Ó. Guðjónssyni		315.695
Bókabirgðir		332.000
Útistandandi v/Miðgarðs		54.935
Bókasafn		4.027
Víxill		5.000
		<hr/>
	Samtals kr.	2.775.203
		<hr/>

Skuldir:

Inneignir félagsmanna		310.000
Hítaveita Reykjavíkur		15.636
Höfuðstóll 1/1 1975	2.260.656	
Tekjuafg. skv. rekstrarreikn.	188.911	2.449.567
		<hr/>
	Samtals kr.	2.775.203
		<hr/>

Lög Félags Nýalssinna

samþykkt á aðalfundi, 7. apríl 1976.

1. grein

Félagið heitir Félag Nýalssinna skammstafað F.N. og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins er að afla kenningum dr. Helga Pjeturss fylgis meðal Íslendinga og annarra þjóða og leitast við, samkvæmt þeim, að ná auknu og sem bestu líf- og vitsambandi við lengra komna íbúa annarra hnatta.

3. grein

Innganga í félagið er öllum heimil, sem vilja vinna að markmiði þess. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og sendist stjórn félagsins, er síðan leggur hana fyrir félagsfund. Þegar félagsfundur hefur samþykkt hana og viðkomandi greitt inntökugjald, er hann orðinn félagi með þeim takmörkunum sem um getur í 5. gr.

4. grein

Stjórn félagsins skipa fimm kjörgengir félagsmenn og tveir til vara. Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Er stjórnarfundur lögmaður ef fjórir stjórnarmenn úr hópi aðal og/eða varamanna eru mættir.

Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Á næsta fundi fyrir aðalfund skal stjórnin stinga upp á mönnum í stjórn næsta kjörtímabil. Á sama fundi geta félagsmenn borið fram uppástungur um aðra menn í stjórn.

Stjórnin skal kosin á aðalfundi og er kjörtími hennar tvö ár og hefst að lokinni kosningu.

Óheimilt er að kjósa sama mann í starf formanns nema tvö ár í senn, en meðstjórnendur má endurkjósa samfelld eftir vild. Kjör stjórnar fer þannig fram að annað árið eru þrír menn kosnir (meðstjórnendur og varamaður) og hitt árið formaður og þrír menn aðrir. Fyrsta árið skal þó draga þrjá menn út eftir hlutkesti og kjósa sama fjölda til tveggja ára.

Komi fram tillögur um tvo eða fleiri menn í sömu stöðu, skal kjósa skriflega milli þeirra um hvert sæti fyrir sig, og ræður þar einfaldur meirihluti. Stjórnin fer með framkvæmdavald á milli funda.

5. grein

Félagsmaður öðlast atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa þegar sex mánuðir eru liðnir frá inngöngu hans í félagið, enda hafi hann greitt inntökugjald og sé skuldlaus við félagið. Hafi félagsmaður eigi greitt gjöld sín s.l. þrjú ár ber að fella hann niður af félagaskrá.

6. grein

Félag Nýalssinna er landsfélag og geta allir í það gengið án tillits til búsetu. Þó skal reynt að stuðla að því að stofnuð verði svæðafélög í sem flestum kaupstöðum, sýslum eða landsfjórðungum. Verða slík svæðafélög sjálfstæð samtök með eigin lög og eigin fjárhag, hvert í sínu umdæmi, en leitast skal við að hafa sem nánasta samvinnu við slík félög og jafnvel skipulagsleg tengsl, þegar skilyrði hafa skapast til þess.

7. grein

Félagsfundir geta kosið nefndir til að framkvæma ýmsar greinar félagsstarfseminnar. Lúta þessar nefndir stjórn félagsins.

8. grein

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Allar samþykktir félagsfunda þurfa að hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna til að teljast gildar.

Félagsfundir skal halda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og oft, ef stjórnin telur ástæðu til. Þá skal hún og boða til fundar, ef fimm félagsmenn óska þess bréflega og rökstyðja þá ósk.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert og skal boða til hans

skriflega og með dagskrá með hálfmánaðar fyrirvara. Hann er lögmætur ef hann er löglega boðaður án tillits til fundarsóknar.

9. grein

Fyrir lok hvers árs skal stjórnin leggja fram tillögur á félagsfundum um upphæð inntöku- og félagsgjalda næsta árs. Einnig aflar félagið sér fjár með frjálsum framlögum félagsmanna og annarra sem vilja styrkja starfsemi þess.

Félagsgjöld hvers árs skulu greiddast á tímabilinu 1. jan. til 1. okt. þess sama árs. Þó skulu félagsmenn njóta fullra réttinda til aðalfundar næsta árs á eftir.

10. grein

Stjórnin sér um að reikningsskil séu gerð árlega og skulu þau miðast við almanaksárið. Aðalfundur kýs tvo endurskoðendur og skulu þeir yfirfara reikninga og senda stjórninni skriflegar athugasemdir sínar, ef þeir hafa einhverjar að gera. Stjórnin leggur síðan reikningana fyrir aðalfund ásamt umsögn endurskoðenda.

11. grein

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf til þess samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

12. grein

Sé félaginu slitið, skal þess farið á leit við Háskóla Íslands, að hann varðveiti eignir þess, uns stofnað hefur verið félag með sömu stefnuskrá og þetta félag hefur (sbr. 2. gr.). Fáist Háskóli Íslands ekki til að taka við eignunum með þessum skilmálum getur félagið ráðstafað þeim á annan hátt.

Yfirlit um starfsemi Fél. Nýalssinna

á liðnu starfsári, milli aðalfunda frá 22. mars 1975 til 7. apríl 1976.

1. Miðilsfundir.

Telja má, að miðilsstarfsemi hafi verið megin uppistaðan í starfsemi Félags Nýalssinna á liðnu starfsári, svo sem verið hefur í mörg undanfarin ár. Hún hefur verið veigamesti þátturinn, og sá, sem mesta áherslu ber að leggja á, að mínu mati, þótt einnig beri að leggja mikila áherslu á önnur atriði málefnsins.

- a. *Almennir miðilsfundir*, hafa farið fram á mánudögum nær undantekningarlaust allt árið, og hafa verið ætlaðir bæði félagsmönnum og utanfélagsmönnum. Hafa þeir að jafnaði verið vel sóttir, og margir utanfélagsmenn notfært sér þessa möguleika til að koma á miðilsfund og jafnframt, í mörgum tilvikum, til að kynna sér málefni félagsins og kenningar Nýals.
- b. *Sérstakir miðilsfundir*, ætlaðir félagsbundnum Nýalssinum einum, hafa farið fram á föstudagskvöldum meirihluta starfsársins, en hafa færst yfir á fimmtudaga á undanförunum mánuðum, 1976. Aðsókn að þessum fundum hefur einnig verið góð. Árangur þessara funda mun hafa verið líkur og á almennu fundunum.
- c. *Nokkrir miðilsfundir* voru haldnir á árinu á Úlfsstöðum í Borgarfirði, en þangað fóru nokkrum sinnum, þeir miðlarnir Sigurður Ólafsson og Sveinn Haraldsson.
Auk þess munu allmargir miðilsfundir hafa verið haldnir með manni sem þar er búsettur og reynst hefur búa yfir eftirtektarverðum miðilshæfileikum.
- d. *Miðilsfundur á vegum Nýalssinna* var haldinn á Akureyri, laugardaginn 30. ágúst 1975, í sambandi við kynningarfund á Hótel Varðborg. Þátttakendur voru allmargir og tókst fundurinn vel. (Sjá síðar).
- e. *Á Flúðum í Hrunamannahreppi* var haldinn miðilsfundur 26.

apríl 1975, og var hann jafnframt kynningar- og umræðufundur. Guðmundur Jónsson á Kópsvatni var hvatamaður þessa fundar og tóku um 40 manns þátt í honum, flestir úr Hrunamannahreppi. Miðlar voru: Sveinn Haraldsson, Sigurður Ólafsson og Örn Friðriksson. Umræður á eftir miðilsfundinum voru ánægjulegar og sýndu fundarmenn allmikinn áhuga á að kynnast hinum nýalska heimsskilningi og báru fram ýmsar spurningar, sem reynt var að svara eftir bestu getu. Á eftir samkomunni buðu nokkrar konur úr sveitinni öllum samkomugestum upp á myndarlegar veitingar, og eiga þær miklar þakkir skyldar fyrir.

- f. Í *stjörnusambandsstöðinni* hafa s.l. vetur frá því í september og fram í mars farið fram miðilsfundir í sérstökum tilgangi einu sinni í viku hverri. Hafa þeir verið haldnir að tilstilli líffræðinganna Ólafs Halldórssonar, Einars Torfasonar og Egils Einarssonar. En miðlar á fundum þessum hafa verið þeir Örn Friðriksson og Pétur Ólafsson. Hafa fundir þessir verið haldnir í líffræðilegum og lífefnafræðilegum tilgangi einkum, og telja tilraunamenn, að árangur hafi orðið jákvæður á ýmsan hátt. Á fundunum hafa komið fram meðal annara: Lamarck, Niels Bohr og Buddha.
- g. *Sérstakir lækningafundir* hafa verið haldnir allmargir í sambandsstöðinni á liðnu ári, einkum ef leitað hefur verið til miðla okkar í þeim sérstaka tilgangi. Tel ég óhætt að fullyrða, eftir frásögnum þeirra er reynt hafa, að árangur slíkra lækningatilauna hefur oft orðið umtalsverður, og held ég, að á þessu sviði sé um nokkra framför að ræða.
- h. Auk hinna óreglulegu lækningafunda sem hér var minnst á, hafa verið haldnir reglulega um alllangt skeið, lækningafundir á þriðjudagskvöldum. Miðlar á þeim fundum hafa einkum verið þeir Ragnar Alfredsson og Eggert Loftsson, en fleiri miðlar hafa einnig komið þar við sögu.

2. Miðlar.

Nokkrir miðlar hafa starfað á vegum Félags Nýalssinna á síðasta starfsári. Má þar fyrst og fremst nefna Sigurð Ólafsson og Svein Haraldsson, sem starfað hafa frá upphafi miðilsstarfsemi félagsins.

Sigríður Guðmundsdóttir í Keflavík, hefur um árabíl lagt fram mikilsvært starf, sem einn af okkar bestu miðlum, en hefur á seinni hluta liðins starfsárs ekki getað tekið þátt í því starfi, af ýmsum ástæðum, á vegum félagsins, en mun hafa haldið upp miðilsstarfsemi innan ákveðins hóps á öðrum vettvangi.

Eggert Loftsson, sem einnig hefur skyggnihæfileika, hefur mjög starfað sem miðill, einkum á ýmsum sérfundum, sem stofnað hefur verið til sem lækningafunda, og einnig á hinum reglulegu þriðju-dagsfundum.

Sigríður Jónsdóttir hefur starfað sem miðill, og hefur sýnt umtalsverða hæfileika.

Nokkrir nýir miðlar með góða hæfileika hafa bæst við á árinu. Má þar nefna *Örn Friðriksson* og *Pétur Ólafsson*. Einnig *Ragnar Alfreðsson*, sem á síðari hluta árs 1975 fór að taka virkan þátt í miðilsfundum, og virðast hæfileikar hans, einkum í sambandi við lækningar, lofa góðu.

Einnig hefur *Sveinn Víkingur* á Úlfsstöðum haft miðilshæfileika um árabíl, og munu þessir hæfileikar hafa farið í vöxt á liðnu ári, og hann lagt meiri áherslu á miðilsstarf en fyrr.

Mjög er framgangi málefnið Nýals það mikilvægt, að hafa innan sinna vébanda sem besta miðla, sem vilja leggja sitt af mörkum til að efla sambönd við lengra komna vini á öðrum hnöttum. Félag Nýalssinna vill mjög þakka öllum þeim miðlum, sem starfað hafa á vegum þess, fórnfúst starf og ánægjulegt samstarf. Er okkur Nýalssinum það ljóst, að ekkert starf er eins mikilvægt og miðilsstarfið, og mjög áriðandi að miðilssambönd og önnur lífsambönd megi sem fyrst eflast svo, að lífstefnunni á jörðu hér verði snúið til betri áttar en enn hefur verið raunin á.

3. Fræðslu- og miðilsfundir

Í svipuðu formi og efnt var til nokkrum sinnum á árinu 1974, og voru þá oftast mjög fjölsóttir, hafa fallið niður á s. l. starfsári.

Þó má geta þess, að á s.l. hausti, 1975, var reynt að hafa eins konar eftirlit eða stjórn á miðilsfundum þeim, sem haldnir voru á mánudagskvöldum, og voru þá oftast flutt smáerindi eða lesið upp úr Nýal eða öðrum ritum, einhverjir valdir kaflar, í þeim tilgangi einkum að kynna utanfélagsmönnum á þessum fundum, einhver atriði úr kenningum dr. Helga Þjeturss.

4. Kynningar- og umræðufundir.

Það hefur lengi verið markmið Félags Nýalssinna, að kynna á sem víðtækastan hátt kenningar dr. Helga Þjeturss, og nauðsyn og þýðingu bættra lífsambanda við lengra komnar verur annars staðar í alheimi. Hefur oft í þeim tilgangi verið efnt til opinberra kynningar- og umræðufunda bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu, eftir því sem tilefni hafa gefist til slíks. Á liðnu ári hefur þeirri viðleitni enn verið haldið nokkuð áfram, og skal hér geta þess helsta.

- a. *Laugardaginn 26. apríl 1975*, fóru nokkrir Nýalssinnar austur að Flúðum í Hrunamannahreppi og fóru fram umræður um Nýalsmál, í sambandi við miðilsfund, eins og áður er um getið. Um 40 manns sátu þennan fund.
- b. *Sunnudaginn 30. ágúst 1975*, var haldinn kynningar- og umræðufundur í Hótel Varðborg á Akureyri og hófst hann kl. 3. Var efnt til þessarar samkomu fyrir áeggjan og forgöngu Þorbjörns Ásgeirssonar á Akureyri, sem verið hefur allvirkur félagi um árabíl. Allmargir félagar úr Reykjavík sóttu fund þennan, eða allt að 20 manns, en fundarsókn Akureyringa og nærsveitarmanna reyndist minni, en vonast hafði verið eftir, og munu á fundinum hafa verið alls um 35—40 manns. Erindi héldu: Ingvar Agnarsson, Ólafur Halldórsson og Þorsteinn Guðjónsson. Á eftir framsöguerindum og kaffihléi, voru frjálsar umræður, og var þátttaka í þeim mjög góð. Voru ýmsar fyrirspurnir bornar fram og þeim svarað eftir bestu getu.

Eins og áður getur var svo haldinn vel sóttur og velheppnaður miðilsfundur um kvöldið í Hótel Varðborg, og næsta morgun tóku margir Nýalssinnar þátt í sambandsfundi sem Sálarrannsóknarfélag Akureyrar hélt.

- c. *Fimmtudaginn 16. október 1975*, var efnt til fræðslu- og umræðufundar í Stjórnusambandsstöðinni að Álfrólsvégi 121 í Kópavogi, um efnið *Lífbjarma og lífgeislan*. Ævar Jóhannesson flutti erindi um þetta efni og sýndi lífgeislunarmyndir sem hann hafði sjálfur tekið. Þorsteinn Guðjónsson sýndi einnig litmyndir af hliðstæðum fyrirbærum, en þær myndir hafði hann fengið frá Ameríku. Urðu allmiklar umræður um þessi efni. Fundinn sóttu um 40 manns.

- d. *Fimmtudaginn 13. nóvember 1975*, var haldinn fræðslu- og umræðufundur í Norræna húsinu í Reykjavík, og var aðalefni hans um Lífbjarma og lífgeislan, eins og 16. október í Stjórnu-sambandsstöðinni. Erindi fluttu: Ingvar Agnarsson, Kjartan Norðdal og Ævar Jóhannesson. Ævar og Þorsteinn Guðjónsson sýndu litskyggjur af lífgeislunarfyrirbærum. Um 30 manns sóttu þennan fund,
- e. Á félagsfundum, þann 5. nóvember 1975, flutti Þórarinn Helgason fróðlegt erindi um drauma, og var aðalefni þess erindis um drauma í Sturlungu.
- f. Á félagsfundum þann 2. júlí 1975, flutti Hermann Haraldsson erindi um fljúgandi diska.

5. Félags- og stjórnarfundir.

- a. Á árinu hafa *félagsfundir* verið haldnir reglulega, og hafa þeir ávallt farið fram fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Hafa þar einkum verið rædd þau mál, sem snerta starf félagsins hverju sinni, og reynt að finna leiðir til að vinna að framgangi Nýalsmála. Eins og oft vill verða, hefur mönnum ekki alltaf sýnt á einn veg, um ýms mál, eða hvernig að þeim skuli unnið, og hafa mismunandi sjónarmið ekki stuðlað að bættri einingu innan félagsins. Þátttaka á fundum félagsins hefur verið frá 15 manns minnst (1.10. 1975) og upp í 26 mest (22.3. 1976).
- b. Á flestum ef ekki öllum félagsfundum hafa einnig farið fram umræður um ýms mál í anda Nýals, og minnst á ýmsar bækur er snerta þau mál, og verið rætt um ýmsa atburði, sem unt væri að skilja út frá kenningum Nýals. Hefur þó oft orðið minna úr þeim umræðum en æskilegt væri, vegna tímaskorts. En að mínu áliti eru það fyrst og fremst umræður um Nýalsmál, sem fundir okkar ættu að snúast um, enda eru fræði og kenningar Nýals þau höfuðmálefni, sem ekki ættu að sitja á hakanum vegna annarra mála, þótt önnur mál megi heldur ekki verða óafgreidd.
- c. Stjórnarfundir hafa verið haldnir mánaðarlega, svo að segja undantekningarlaust, og yfirleitt sóttir af öllum í aðalstjórn félagsins.
- d. Á félagsfundum hefur nær alltaf verið flutt yfirlit yfir helstu atburði liðins mánaðar, bæði þá er snerta beint starfsemi Nýalssinna, en einnig almenna atburði. Þorsteinn Guðjónsson

hefur oftast reifað þessi mál, en fleiri hafa einnig lagt þar sitt af mörkum.

6. Kynning í útvarpi og í öðrum fjölmiðlum.

Ýms kynningarstarfsemi hefur farið fram í útvarpi og blöðum á liðnu starfsári, og mun ég leitast við að geta hér þess helsta:

- a. Í Lesbók Morgunblaðsins birtist þann 22. júní 1975, mjög athyglisverð grein eftir Gunnar Grímsson og bar hún nafnið: „*Um eðli drauma og svefns*“, þar sem skýrt var frá kenningum dr. Helga Pjeturss um þau efni.
- b. Þann 24. júní 1975, flutti Þorsteinn Guðjónsson erindi í útvarpi „*Um skyldleika fljúgandi fyrirbæra og líkamningafyrirbæra hjá spiritistum*“.
- c. Þann 18. janúar 1976, kom í Lesbók Morgunblaðsins grein eftir Ingvar Agnarsson, undir nafninu: „*Hamfarir og fjar-sýnir*.“
- d. Sama dag, 18. janúar 1976, kom í Lesbók Morgunblaðsins grein eftir Karl E. Vernharðsson, og bar hún heitið: „*Fljúgandi diskar*“. Er þar sagt frá sérstöku atviki er gerðist í Ameríku árið 1961.
- e. Þann 15. desember 1975, flutti Þórarinn Helgason erindi um daginn og veginn í útvarpi. Snerist erindið nær eingöngu um Nýalsmál og um nauðsyn fullkominnar stjörnusambandsstöðvar, til að skapa aðstæður til bættra lífsambanda við íbúa annarra stjarna.
- f. Í júní og júlí 1975, birtist í Suðurnesjatíðindum löng og athyglisverð ritgerð eftir Einar Guðmundsson og bar hún nafnið: „*Ultra religionem non contra*“. Fjallaði hún um helstu atriðin í kenningum dr. Helga Pjeturss. Birtist ritgerð þessi sem framhaldsritgerð í þrem tölublöðum blaðsins, með viku millibili. (Sjá „Suðurnesjatíðindi“ 20. júní, 27. júní og 4. júlí 1975).
- g. Þann 24. mars 1976, birtist löng grein í Lesbók Morgunblaðsins, eftir Þorbjörn Ásgeirsson á Akureyri. Bar hún nafnið: „*Lífgeislinn og framlíf á öðrum stjörnum*.“
- h. Í blaðinu „Dagur“ á Akureyri hafa við og við árið 1975 birst smágreinir um Nýalsmál eftir Þorbjörn Ásgeirsson, t. d. 30. júlí 1975, greinin: „*Enn um kenningar dr. Helga Pjeturss*.“

- i. Í Morgunblaðinu (einkum í Velvakanda) hafa á liðnu ári birst nokkrar greinar í nýölskum anda um ýmis málefni, eftir ýmsa höfunda.
- j. Árið 1974, tók kvikmyndatökumaður, Magnús Jónsson, stuttan kvikmyndafátt af miðilsfundi hjá Nýalssinum (þann 24. september). Á árinu 1975 mun þessi þáttur hafa verið sýndur í Laugarárblóði, sem hluti af lengri heimildarmynd, sem einkum fjallaði um þjóðhætti.
- k. Í Morgni, tímariti Sálarrannsóknarfélags Íslands, síðari hluta 1975, kom allöng grein um dr. Helga Pjeturss eftir Snæbjörn Jónsson, fyrrum bóksala í Reykjavík. Fjallaði hún einkum um snilldarlegt málfar á ritverkum dr. Helga, en minna lagt upp úr heimspékikeningum hans.
- l. Í Morgunblaðinu 21. maí 1975, birtist athyglisverð grein eftir Kjartan Norðdahl: „Fóstureyðing — atriði, sem gleymist“, þar sem svo er litið á, að ný mannvera verði til, strax við getnað.
- m. Í júní 1975 tók Sören Sörensson þátt í umræðuþætti einum í sjónvarpinu og minntist þar kenninga Nýals á vinsamlegan hátt.
- n. Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur, flutti fyrirlestra um jarðfræði Íslands í útvarpi í júní 1975, og í inngangserindi minntist hann á brautryðjendastarf Helga Pjeturss.
- o. Í Morgunblaðinu 29. júní 1975, kom grein eftir Porkel Hjaltason, og var í nýölskum anda.
- p. Í Morgunblaðinu 1. júlí 1975, kom grein eftir Þorstein Guðjónsson, um ályktun prestastefnu í Skálholti um „dultrúar-fyrirbrigði“.
- q. Þann 1. apríl 1976, las Haraldur Ólafsson upp í útvarpi þætti úr ritum Helga Pjeturss.
- r. Hinn 28. september 1975, birtist í Lesbók Morgunblaðsins grein eftir Árna Óla, sem fjallaði um lífsband milli hnatta, og skýringar dr. Helga Pjeturss á því máli.

Ýmislegt fleira kann að hafa birst í fjölmiðlum á liðnu starfsári, sem stuðlað hefur að aukinni kynningu og skilningi á sambandsmálum, þótt ekki kunní ég frá fleiru að greina.

Hygg ég, að sú kynning, sem orðið hefur í fjölmiðlum á liðnu ári, um Nýalsmálefni, sé öllu meiri en jafnan áður, og má það

vera okkur fagnaðarefni, því hver ein viðleitni í þessa átt, flýttir fyrir almennum skilningi á þessum málum.

7. Markverðar samþykktir á fundum félagsins.

Nokkrar athyglisverðar samþykktir hafa verið gerðar á fundum félagsins, og munu þessar vera þær helstu:

- a. Þann 8. janúar 1975 var samþykkt á félagsfundi að hækka árgjöld til félagsins upp í kr. 4.000,00 (úr kr. 2.000,00 árið 1974). Einnig var samþykkt að ævifélagsgjald yrði 30.000,00 krónur.
- b. Þann 5. febrúar 1975 var á félagsfundi samþykkt, að breyta um nafn á þeim hluta félagsblaðsins, sem fram að þeim tíma hafði einkum fjallað um heimspekileg eða fræðileg efni. Skyldi nú sá hluti heita „Lífgeislar“. Var Ingvari Agnarssyni falið að sjá um útgáfu þessara rita a. m. k. í eitt ár.
- c. Á félagsfundi 3. desember 1975 var samþykkt með 9 atkvæðum gegn 5 að sameignarmaður landshluta félagsins (að Gröf í Laugardal) skyldi fá tunguna milli lækja (merkt A á korti) samkvæmt ósk hans, en Nýalssinnar bakkann að vestan við lækinn.

8. Gjafir.

- a. Pétur Gíslason á Eyrarbakka sýndi félaginu þá miklu rausn og vinarhug, að gefa því nýjan og vandaðan flygil. Var hann fluttur í stjórnusambandsstöðina föstudaginn 4. júlí 1975, en á félagsfundi miðvikudaginn 6. ágúst 1975, fór fram formleg afhendingarathöfn hins ágæta hljóðfæris. Á fundi þessum flutti Helgi Hallgrímsson, sem flutt hafði flyggilinn inn frá Þýskalandi, nokkur ávarpsorð til fundargesta, og lék síðan á hljóðfærið nokkur lög m. a. eftir Mendelsohn og Beethoven. 23 manns sátu þennan fund. Var Pétri Gíslasyni þökkuð þessi ágæta gjöf. Er vonandi að hún eigi eftir að lyfta undir sameiningu félagsmanna, og verða málefningu til farsældar. Félagið vill þakka Pétri Gíslasyni þessa merku gjöf.
- b. Guðrún Grímsdóttir Eyjólfsson, Gimli, Kanada gaf félaginu \$50,00, en eins og áður hefur komið fram, gaf hún árið 1973, hluta úr jörðinni Gröf í Laugardal, auk umtalsverðra peningagjafa, bæði árið 1973 og 1974. Sýna gjafir þessar mikinn hlýhug Guðrúnar í garð félags okkar, og jarðarparturinn ætti

- síðar að geta orðið félaginu og málefnum Nýalssinna mikil lyftistöng fjárhagslega, ef vel er á málum haldið og ef eining fær að ríkja og eflast innan félagsins.
- c. Bókagjöf barst félaginu þann 7. janúar 1976. Var það gjöf úr dánarbúi Stefáns Thorarensen. Voru þarna ýmsar merkar bækur, m. a. heildarútgáfa af verkum Arthurs Schopenhauers, hins mikla þýska heimspekings. Hafði Stefán ánafnað félaginu þessar bækur fyrir andlát sitt. (Sjá fundargerð, 7. jan. 1976).
 - d. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum gaf félaginu á fyrri hluta árs 1975, kr. 10.000, í þeim tilgangi að gera vandaðan gangstíg heim að húsi félagsins.
 - e. Magnús Sigurðsson á Grafarbakka í Hrunamannahreppi sendi félaginu að gjöf kr. 10.000.
 - f. Geir Ólafsson gaf kr. 30.000 til stuðnings því að keypt yrði hús ætlað til starfsaðstöðu í Reykjavík.
 - g. Í ágúst 1975 sendi Pétur Ó. Hermannsson í Bolungarvík félaginu að gjöf 5 fagrar, stórar myndir, stjörnufræðilegs eðlis. Eru þær af vetrarbrautum og stjörnuhvirfingum. Gætu þær orðið til mikillar þýðni í stjörnusambandsstöðinni, ef þær væru settar í ramma.

Ýmsir fleiri hafa stutt félagið með gjöfum á liðnu starfsári. Hafa peningagjafir orðið samtals kr. 49.200. Án hvers konar gjafa og fjárframlaga einstaklinga væri félaginu lítt mögulegt, að gera ýmislegt það, sem þó verður ekki komist hjá. Veigamiklir þættir í starfsemi félagsins hafa ævinlega byggst á gjöfum og öðrum framlögum einstaklinga.

Öllum þessum aðilum þakkar félagið mikilsverðan stuðning, hvort sem hann hefur verið veittur í peningum eða öðrum góðum gjöfum.

9. Sjálfböðavinna.

- a. Á árinu 1975 var gerður góður gangstígur, steypdur, heim að húsi félagsins og er aðkoman því allt önnur og betri en áður hafði verið. — Sigurður Guðmundsson annaðist þetta starf, og gaf félaginu alla vinnu við þessa framkvæmd. Vill félagið hér með þakka honum fyrir þetta mikilsverða framlag. Eins og áður er getið, gaf Þorsteinn Jónsson peninga til kaupa á sementi og öðru efni, sem til gangstígsins þurfti.

- b. Ritun fundargerða í fundargerðabók félagsins hafði verið í óreiðu nokkurri eftir fráfall Ragnars Sturlusonar, ritara félagsins árið 1973. Í byrjun þessa árs 1976, bauðst Gunnar Grímsson til að koma þessu í lag, og innritaði hann allar ófærðar fundargerðir í fundargerðabók. Var það mikið verk og tímafrekt. Kann félagið honum miklar þakkir fyrir þetta starf, sem of lengi hafði dregist að koma í verk.

10. Nauðsyn lagfæringa á húsinu.

Ekki mun annað hafa verið unnið að lagfæringu húss eða lóðar á liðnu starfsári. En ýmislegt bíður þar úrlausnar og endurbóta, því vindur hefur skemmt þak hússins og vatn hefur komist inn í samkomusalinn. Einnig hefur vatn komist inn í anddyri hússins. Væri þar einnig þörf lagfæringa. Þörf mun vera talsverðra fjármuna og vinnu til að koma þessum lagfæringum í kring.

11. Útgáfustarfsemi.

- a. Á fyrri hluta árs 1975 kom út annað hefti af tímaritinu „*Miðgardur*“ undir ritstjórn Kjartans Norðdahl. Er það 62 bls. og hefur inni að halda margar athyglisverðar greinar um sambandsmál og skyld efni eftir ýmsa höfunda.
- b. *Félagsblað Nýalssinna* kom út á árinu 1975 í 4 heftum alls, nr. 46, 47, 48 og 49, samtals 120 bls. (samtals gefin út 1280 eintök).
- c. Nýtt tímarit hóf göngu sína árið 1975 og hlaut nafnið „*Lífgeislar*“. Komu út af því á árinu 1975, 5 hefti, hvert 36 bls. að stærð, eða samtals 180 bls. Upplag hvers heftis var 1000 eintök. (Samtals því prentuð 5000 eintök). Efni ritsins var einkum heimspekilegs eðlis og í nýölskum anda. Um 19 manns munu hafa lagt til efni í blaðið á árinu, svo sem greinar og drauma, auk þess sem þar eru birt nokkur sígild ljóð og spakmæli, en einnig frásagnir af sambandsfundum Nýalssinna.
- d. Á árinu 1975 kom út bókin: „*Þættir um heimsfræði Helga Pjeturss*“, eftir Elsu G. Vilmundardóttur jarðfræðing og Þorstein Þorsteinsson lífefnafræðing, 76 bls. að stærð. Útgefandi er útgáfufyrirtækið *Urð*. Í bók þessari tekur Elsa upp tilvitnanir úr ritum dr. Helga Pjeturss, sem sýna þróun heimspeki-hugmynda hans. Þorsteinn fjallar einkum um heimspeki Helga og reynir að styðja þær eðlisfræðilegum og lífefnafræðilegum rökum.

- e. Ólafur Halldórsson líffræðingur, hefur samið bók um kenningar Helga Pjeturss. Hefur sú bók verið sett að fullu, en prentun enn ekki lokið. Verður hún svipuð að stærð og bókin: „Líf er á öðrum stjörnum“ eftir Þorstein Guðjónsson.
- f. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum hefur samið bók er hann nefnir „*Draumar og svefn*“. Er prentun þessarar bókar lokið að fullu og má hér frammi sjá fyrstu eintök hennar. Bókin er 84 bls. að stærð. Eftir Þorstein Jónsson hafa áður komið út 3 bækur, og verður mikill fengur að þessari nýju bók frá hans hendi.
- g. Þá vil ég minnst lítillega á bókina „Líf er á öðrum stjörnum“, eftir Þorstein Guðjónsson, sem kom út árið 1974. Sala bókarinnar hefur gengið allvel, og munu um síðustu áramót hafa verið seld um 1700 eintök. Er það gleðilegur árangur í viðleitni félagsins til kynningar á Nýalsmálum, að svo margir hafa nú lesið þessa bók, til viðbótar því, sem menn hafa kynnst þessum málum, með lestri Nýals og á annan hátt.

12. Stofnun Félags Nýalssinna á Akureyri.

Sá ánægjulegi atburður hefur gerst að stofnað hefur verið fyrsta félag Nýalssinna utan Reykjavíkur.

Þann 15. nóvember 1975, var efnt til stofnfundar slíks félags á Akureyri. Þorbjörn Ásgeirsson var hvatamaður þessarar félagsmyndunar. Á stofnfundi þessum gengu 10 manns í félagið, en 4 bættust við nokkru síðar.

Aðalfundur var haldinn í félaginu þann 11. janúar 1976, og kosin stjórn og félaginu sett lög, og ákveðin árgjöld. Miðilstillraunir hafa verið gerðar tvisvar frá áramótum, og hefur félagið nú í huga að koma á reglulegum sambandstillraunum.

Hinir nýju félagar á Akureyri hafa haft sig nokkuð í frammi, við boðun hins nýalska skilnings, t. d. í menntaskólanum og víðar, og telur formaður félagsins, að allmikill áhugi sé að vakna á mál-efninu. T. d. hefur þeim félögum tekist að afla margra áskrifenda að „*Lífgeislum*“.

Vonandi er að þessi félagsstofnun á Akureyri, verki sem hvatning á félagsmenn annars staðar á landinu, til að mynda sérstaka starfshópa eða sérdeildir Nýalssinna, annars staðar, þar sem slíkir möguleikar eru fyrir hendi.

13. Ferðalög.

- a. *Akureyrarferð*. Eins og áður er getið fóru allmargir Nýalssinnar úr Reykjavík og nokkrir aðrir, annars staðar að af landinu, til Akureyrar laugardaginn 29. ágúst 1975. Fóru sumir í flugvél en aðrir á einkabílum, alls um 20 manns. Gistu margir þeirra á Hótel Varðborg, en aðrir annars staðar á Akureyri. Tilefni þessarar farar var kynningarfundur í Hótel Varðborg daginn eftir og sambandsfundur um kvöldið. Fyrir þessi var hin ánægjulegasta og kynning á málefni okkar ekki án árangurs, eins og síðar hefur komið í ljós. Þorbjörn Ásgeirsson, á Akureyri, var aðalhvatamaður þess, að þessi för var farin.
- b. Ég hef áður minnst á ferð nokkurra Nýalssinna austur að *Flúðum í Hrunamannahreppi* þann 26. apríl 1975, vegna miðils- og kynningarfundar sem þar var haldinn. Mun ég því ekki endurtaka það hér nánar.
- c. Farið að *Gröf í Laugardal*. Laugardaginn 24. apríl 1975 fóru nokkrir Nýalssinnar úr Reykjavík, austur að Gröf í Laugardal, í þeim tilgangi að skoða eitthvað af því landi, sem Guðrún Grímsdóttir gaf félaginu árið 1973. Hafði hluta jarðarinnar verið skipt í skákir, og mátti félagið velja þar um ákveðna hluta, svo sem síðar var gert á almennum félagsfundi þann 3. desember, 1975.
- d. Aftur var farið að Gröf í Laugardal nokkru síðar í skoðunarferð. Tóku þátt í þeirri ferð nokkrir aðrir Nýalssinnar úr Reykjavík og einn eða tveir úr Hrunamannahreppi, Var landið skoðað, eins og gert var í fyrri ferðinni.

14. Nefndir á vegum félagsins,

sem ætlað er að starfi lengur en eitt ár. Árið 1973 og 1974 voru stofnaðar nokkrar nefndir: Miðilsfundanefnd, Tækjanefnd, Smáritanefnd, Ljósmyndanefnd, (og nefna má umræður um myndun kvikmyndanefndar [sjá fundargerð stjórnar 14. apríl 1973]), og Byggingarnefnd nýrrar stjórnumbandsstöðvar (skipuð á stjórnarfundi 25. apríl 1973, Helgi Guðlaugsson, Sigurður Ólafsson, Atli Hraunfjörð og Sigurður Guðmundsson).

Á árinu 1975 var stofnuð nefnd til að annast og skipuleggja sérstaka miðilsfundi á föstudögum og síðar á fimmtudögum.

Að öðru leyti hafa nefndir lítt verið starfandi, flestar framkvæmdir farið fram á vegum stjórnar og undir hennar umsjón.

15. Látnir félagar.

- a. Þann 16. janúar 1976, andaðist Geir Ólafsson, bakari, 66 ára að aldri. Hann hafði gengið í félagið 1970. Starfaði hann æ síðan að framgangi Nýalsmála af miklum áhuga. Má t. d. geta þess, að honum tókst að selja allmikinn fjölda eintaka af bókinni „Líf er á öðrum stjörnum“, eftir Þorstein Guðjónsson. Andlát Geirs bar að höndum óvænt. Hann hafði ekki legið veikur. Geirs hefur áður verið minnst á félagsfundi 4. febrúar.
- b. Þann 3. október 1975, andaðist Stefán Thorarensen, 78 ára að aldri, á spítalanum að Landakoti, en hann hafði verið sjúkur í nokkur ár. Stefán var úrsmiður að ment og atvinnu. Hann var ættaður frá Akureyri, en átti lengi heima í Reykjavík. Hann tók mikinn þátt í félagslífi Nýalssinna, gekk í félagið 1952 og stundaði t. d. miðilsfundi á meðan hann gat, heilsu sinnar vegna. Taldi hann sig fá þar mikinn lækningastyrk við meinum sínum, en hann hafði lengi verið sjúkur maður, þótt vinnandi væri og á fótum. Stefáns hefur áður verið minnst á félagsfundi.
- c. Þann 1. apríl 1976, andaðist Guðmundur Kristinsson, á Borgarspítalanum í Reykjavík eftir langa og erfiða sjúkdómslegu. Guðmundur gekk í Félag Nýalssinna árið 1950. Hann var einn af stofnendum félagsins og var ætíð síðan ötull liðsmaður fyrir framgangi hins Nýalska málstaðar.
- d. Á árinu 1975 andaðist Guðjón Guðmundsson, trésmiður, Hamrahlíð 23 í Reykjavík. Hann gekk í Félag Nýalssinna árið 1969.
- e. Steinn Emilsson, jarðfræðingur, Bolunarfík, andaðist árið 1975. Han ngerðist ævifélagi árið 1968.

Félag Nýalssinna vill minnst þessara látnu félaga með þakk-læti fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum, og óskar þeim farsældar í nýjum heimkynnum annara hnatta, sem þeir nú hafa flust til.

16. Um fjölda félagsmanna.

Ekki er með fullu vitað, hversu margir hafa gengið í Félag Nýalssinna frá stofnun þess, árið 1950. En láta mun nærri, að þeir séu um eða yfir 400 alls. Árið 1975 munu um 90 manns hafa greitt árgjöld til félagsins. Fullgildir félagar munu nú vera um

130 að ævifélögum meðtöldum, þeir eru 40 alls. Á árinu 1975 eignaðist félagið 21 nýjan meðlim, en 5 sögðu sig úr félaginu.

17. Nýlar endurheimtir.

Árið 1972 voru allir, þá óseldir innbundnir Nýlar félagsins (um 350 heildarverk), seld Bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar og samið um greiðslur á ákveðnum gjalddögum. Ekki gat bókaútgáfan staðið við þessar skuldbindingar sínar, og á árinu 1975 samdi stjórn félags okkar við Guðjón Ó. um að taka aftur allar óseldar bækur, og að hann greiddi þær bækur, sem hann hefði selt, á ákveðnum gjalddaga.

Seint á árinu 1975 fengum við svo í hendur frá Guðjóni Ó., allar þær bækur sem hann átti eftir, og reyndust það vera samtals 251 Nýlar, heildarverk, öll í skinnbandi. Tel ég mikinn feng að því fyrir félagið, að hafa aftur fengið í hendur alla þá Nýala sem enn eru eftir óseldir. Upphaflega, árið 1955, voru Nýalarnir gefnir út í 2000 eintökum, og þessi 251 eintök er hið eina sem enn er eftir af því upplagi. Sést á þessu, að allmargir hafa lesið Nýalana og kynnt sér kenningar dr. Helga Pjeturss.

18. Áhugi fyrir húsnæði í Reykjavík.

Á síðastliðnu ári hefur oft á félagsfundum verið minnst á nauðsyn húsnæðis í Reykjavík. Hefur slíkt húsnæði einkum verið hugsað sem aðstaða til aukningar starfs félagsins, til kynningar á mál-efninu út á við, og til skipulagningar á ýmsum sérmálum félagsins, eins og t. d. lækninga-fundum, sem mikil þörf væri á, að gæti færst í vöxt.

Hefur í þessu skyni verið hugað að ýmsum húsum, sem til greina gætu komið og nú síðast, hefur verið litið á húsið Bankastræti 10, sem mun vera til sölu. Þess má geta, að á félagsfundi þann 3. mars 1976, var stjórninni falið að kanna þetta mál. Stjórn félagsins álitur að slík kynningarmiðstöð í hjarta Reykjavíkur gæti mjög stuðlað að útbreiðslu Nýalsmála, og þannig flýtt fyrir byggingu varanlegrar Stjörnusambandsstöðvar, sem allir Nýalssinnar munu óska eftir að gæti orðið sem fyrst.

19. Nauðsyn fullkominnar stjörnusambandsstöðvar.

Á félagsfundi þann 8. janúar 1975, var stjórninni falið að kanna möguleika til undirbúnings byggingu fullkominnar stjörnusam-

bandsstöðvar, svo sem staðarval, kostnað, fyrirkomulag, undirtektir ráðamanna o. fl.

Er þar skemmst af að segja, að stjórn félagsins hefur ekkert gert í þessum málum enn sem komið er, enda við ramman reip að draga, meðan Nýalstefnunni hefur ekki vaxið meira fylgi en enn er raunin á. Hafa þó þessi mál verið rædd á flestum fundum stjórnarinnar og oft á félagsfundum. Allir Nýalssinnar munu skilja nauðsyn almenns áhuga á þessum málum og þýðingu bættra stjórnusambanda en bygging fullkominnar sambandsstöðvar verður varla framkvæmd nema almennur áhugi og skilningur á þessum málum sé fyrir hendi.

20. Góður gestur.

Einn fremsti velunnari Nýalstefnunnar erlendis, *Guðrún Grímsdóttir Eyjólfsson*, Gimli í Kanada, kom hingað til lands ásamt dóttur sinni í byrjun maí 1975, og dvaldi í nokkrar vikur hjá ættmennum sínum í Reykjavík. Eins og oft hefur áður verið minnst á, hefur hún sýnt málefnum Nýalstefnunnar mikinn áhuga og Félagi Nýalssinna mikla ræktarsemi, og gefið því jarðarpart í Laugardal, og auk þess peninga nokkrum sinnum.

Sunnudaginn 25. maí 1975, heimsótti hún stöð okkar, og voru þar samankomnir nokkrir Nýalssinnar. En föstudaginn 30. maí sat hún með okkur á miðilsfundi. Voru fundir þessir báðir hinir ánægjulegustu.

Nýalssinnar minnst hennar með hlýjum hug og með þakklæti og óska henni alls góðs á æviköldinu.

21. Sambönd við menn í öðrum löndum.

Hinir áhugasömu pólsku Nýalssinnar, Jerzy Wielunski og Edward Michalski, hafa haldið uppi nánnum bréfaskiptum við Þorstein Guðjónsson og Ingvar Agnarsson, eins og undanfarin ár. Hafa þeir lengi hvatt mjög til útgáfu bókar á erlendu máli um kenningar dr. Helga Pjeturss, og einnig til útgáfu tímarits. Sem stendur álíta þeir, að helst væri grundvöllur fyrir slíkt rit á ítölsku. En þeir hafa haft nán kynni af mörgum fyrirburðafræðingum á Ítalíu, og hafa setið þing þeirra þar í landi. Þeir Jerzy og Edward bjóðast til að annast undirbúning slíks rits á ítölsku, en þeir eru miklir málamenn.

Nokkur bréfaskipti hafa einnig farið fram við ýmsa aðra erlenda

menn, um Nýalsmál. Tel ég engan vafa á, að unnt væri að öðlast hljómgrunn meðal erlendra manna, ef hentug rit um málefnið væru fyrir hendi.

Ég held að rétt muni vera, það sem Jerzy Wielunski sagði eitt sinn í bréfi: „*Allur heimurinn biður eftir þeirri vitneskju, sem þið Nýalssinnar á Íslandi búið yfir. Ykkar blutverk er að koma þessari þekkingu á framfæri. Og framkvæmd þessarar kynningar þolir enga bið, því mannkynið er á glötunarbarmi. Ykkar ábyrgð er meiri, en þið sjálfir vitið.*“

22. Athyglisverð fyrirbæri á árinu.

Félag Nýalssinna hefur ávallt sýnt áhuga á ýmsum torskildum fyrirbærum, og teljum við þau meðal þess, sem fallið gæti undir hinn nýalska skilning á furðum tilverunnar.

Á liðnu ári mun hafa verið með minnsta móti um slík fyrirbæri hér á landi. Mun ég minnast hér á þau fáu, sem ég hef heyrt um, og sem telja má nokkuð öruggar heimildir fyrir:

- a. Í blaðinu „Degi“ á Akureyri var skýrt frá því, að Ármann Gunnarsson, dýralæknir í Svarfaðardal, hefði séð undarlegt ljósfyrirbrigði, og birti blaðið um það eigin frásögn hans. Annar maður var einnig sjónarvottur að þessu fyrirbæri, sem mun hafa sést í um 25—30 mínútur. (Sjá einnig frásögn í „Lífgeislum“ 4. tbl. nóv. 1975).
- b. Hinn 10. júlí 1975, sást í Bolungarvík sérkennilegur hlutur á lofti kl. 8,45 að morgni. Heiðskírt var og ekki ský á lofti. Um 6—7 manns sáu hlutinn, og voru sumir þeirra þess fullvissir að um „fljúgandi disk“ hefði þarna verið að ræða. (Sjá nánar í félagsblaði nr. 48, ágúst 1975).

Ekki hef ég heyrt getið um fleiri furðufyrirbæri á Íslandi en þar fyrir kunna þau að hafa átt sér stað, og kynnu aðrir um þau að vita.

23. Almenn mál er snerta framgang og viðhorf Nýalsstefunnar.

Neikvæðir atburðir:

Svo virðist sem eitt og annað í framvindu heimsmála sýni vaxandi helstefnuhneigð, og sum þessara mála náí að skjóta öngum sínum hingað til Íslands, og valda hér mengun hugarfars.

- a. Illkynjuð glæpastarfsemi hefur átt sér stað á landi okkar, þótt ekki sé í jafn miklum mæli og víða erlendis.

- b. Slys hafa gengið yfir í bylgjum á mismunandi tímabilum: sjóslys, bifreiðaslys, brunaslys.
- c. Íslendingar heyja landhelgisbaráttu við Englendinga og vonum við öll, að ekki leiði sú deila til alvarlegra slysa, eða að hatur skapist milli þjóða okkar.
- d. Á fyrri hluta árs 1975 var lagt fram á alþingi frumvarp um rýmkun fóstureyðingarlaga, frá því sem áður hafði verið.
Urðu út af þessu mjög skiptar skoðanir, og í blöðum var mjög deilt um málið. Skiptust menn í hópa bæði með og móti slíkri rýmkun. Félag Nýalssinna tók opinbera afstöðu til þessa máls, og taldi fóstureyðingar jafngilda mannsmorði, nema þá í sérstökum neyðartilvikum eins og verið hafði regla fram að þeim tíma. Frumvarp þetta náði fram að ganga og telja Nýalssinnar að þar hafi verið stigið helstefnuspor. En ekki veit ég, hvernig þessari nýju rýmkun laganna hefur verið framfylgt.
- e. Á fyrri hluta árs 1975, urðu trúmáladeilur miklar í fjölmiðlum, en aðaltilefni þeirra var grein, er Heimir Steinsson, skólastjóri í Skálholti ritaði í Kirkjuritið í 4. tbl. 1974, og svo ályktun prestastefnu í Skálholti í lok júnímánaðar 1975, þar sem prestar mótmæla „dultrúarfyrirbrigðum“.
- f. Alvarlegar helstefnufréttir berast erlendis frá annað kastið, t. d. í blöðum (Vísí 17.3. 1975) um könnun, sem gerð hefur verið í Bandaríkjunum um misþyrmingar á börnum þar í landi. En könnun sú leiðir í ljós, að um 50 þús. börn deyja árlega af illri meðferð, en um 300 þús. börn verða árlega örkumla af sömu sökum. Eru þetta hörmuleg tíðindi, ef rétt eru.
- g. Svo virðist, eftir erlendum fregnum að dæma, sem pyntingar fanga, einkum í einræðisríkjum, færast mjög í vöxt, og sé að verða hefðbundin venja. Hefur alþjóðastofnunin Amnesty International beitt sér fyrir könnun þessara mála, og barist gegn þessum aðferðum. Er hörmulegt til þess að vita, að slíkar aðferðir skuli eiga sér stað víða í löndum, og ber þetta ótvírætt merki vaxandi helstefnuáhrifa til jarðar okkar.
- h. Í Englandi hefur verið gefin út bók: „Victims of the science“, eftir sálfræðinginn Richard D. Ryder, þar sem lýst er meðferð á tilraunadýrum í Englandi og raunar víða um heim. Eru þær lýsingar hryllilegri en orð fá lýst, en munu þó vera sannleik-
anum samkvæmar. — Helstefnuáhrifa virðist gæta á æ fleiri sviðum í heimi okkar.

Er vonandi, að þessi tegund vísisstefnu nái ekki að berast til Íslands, og að íslenskum rannsóknarstöðvum takist að halda sér utan við slíkar aðfarir við tilraunir sínar á dýrum.

Fréttir af jákvæðum atburðum:

En eitt og annað hefur einnig komið fram, sem veitir stefnu okkar stuðning og sýnir, að jákvæð hugsun vinnur á á ýmsum sviðum, þrátt fyrir allt.

- a. Í því sambandi má nefna, að Erlendur Haraldsson, sálfræðingur, hefur gert allumfangsmikla könnun á skoðunum fólks viðvíkjandi framhaldslífi. Hinn 6. júní 1975, birti hann skýrslu um niðurstöður sínar. Kemur þar fram að 88% þeirra, sem könnunin nær til, gera ráð fyrir framhaldslífi, og 28% telja það víst, líklegt eða mögulegt, að lifað sé áfram á öðrum stjörnum.
- b. Nokkrir samtalsþættir fóru fram í sjónvarpinu undir nafninu: „Sjötta skilningarvitið“, og var stjórnandi þeirra Jökull Jakobs-son. Ekki voru þættir þessir í Nýölskum anda, en snertu þó mjög þau mál, sem ofarlega eru á baugi meðal Nýalssinna.
- c. Erlendis frá berast fréttir af aðgerðum dýravina, gegn ómann-úðlegum aðferðum selveiðimanna norður af Nýfundnalandi. Hafa allmargir dýraverndunarmenn farið þangað norður á slóðir selveiðimanna og reynt að hindra veiðarnar eftir fremstu getu og þótt tæpast sé að búast við miklum beinum árangri sem stendur, af varnaraðgerðum þeirra, þá vekja þeir þó heimsathygli á framferði veiðimanna, og verða þannig til þess að breyta hugarfari almennings.
- d. Fleiri fregnir berast erlendis frá um auknar aðgerðir dýra- verndunarmanna. Til dæmis hefur fræg frönsk leikkona (Brigitte Bardot) o. fl., mjög beitt sér fyrir mannúðlegri af- lífun dýra í sláturhúsum og einnig á öðrum sviðum dýra- verndar. Er vonandi, að leikfrægð hennar áorki einhverju í þessa átt, en þekktar persónur mega sín einatt meira í baráttu fyrir einhverju máli, heldur en óþekktir aðilar.
- e. Þá má og geta þess, sem góðra tíðinda, að nú hafa skólabörn í ýmsum skólum á Íslandi myndað einskonar samtök gegn tóbaksneyslu. Er vonandi að þessi barátta þeirra beri sem bestan árangur.

Niðurlag.

Ég hef hér að framan reynt að drepa lítillega á helstu atriði, varðandi starfsemi Nýalssinna, á liðnu ári, og einnig á sumt það, er utanfélagsmenn hafa lagt af mörkum, og sem styður framgang Nýalsstefnunnar. Enda er allt mikilsvert, sem styður málefni Nýalskrar stefnu, hvaðan sem sá stuðningur berst.

Ég hef einnig minnst lítillega á fregnir og atburði er gerast úti í heimi, og eru sumir einkennandi fyrir helstefnumannkyn á niðurleið, en aðrir eru lífstefnueðlis, og bera í sér möguleika þess, að enn sé þó kostur þess að snúa við á óheillabraut þeirri sem enn er farin.

Margt mun vansagt vera í þessu spjalli mínu, og sennilega mun gæta einhverra missagna, og er þá leiðréttingar þörf frá þeim sem betur vita, því „skylt er að hafa það er sannara reynist.“

Ingvor Agnarsson.

Flutt á aðalfundi 7. apríl 1976.

Starfsmiðstöð Félags Nýalssinna

Flestum lesendum blaðsins mun vera kunnugt, að nýlega er hafin fjársöfnun á vegum Félags Nýalssinna, í því augnamiði að gera félaginu kleift að eignast hús í miðbæ Reykjavíkur, þar sem verið gæti miðstöð fyrir ýmsa starfsemi þess, einkum þó þá þætti sem helzt snerta kynningu meðal almennings á stefnu Nýals.

Um miðjan maí s.l. var öllum félagsmönnum sent bréf um þetta mál, frá nefnd sem kosin var á félagsfundum 5. sama mánaðar. Var í bréfi þessu nokkuð ýtarlega skýrt frá hvað fyrir félaginu veki með þessu og hve mikil nauðsyn væri, að álit margra félagsmanna, að koma þessari hugmynd í framkvæmd. Með bréfinu fylgdu eyðublöð til afnota fyrir þá sem vildu eitthvað styrkja fyrirtækið.

Nú, þegar þetta er ritað, hafa nokkur svör borizt með loforðum um framlög, samtals nema þau tæpri einni milljón króna, þar af hefir nokkuð þegar verið greitt. Að sjálfsögðu eru framlögin misjöfn að stærð, eða frá einu þúsundi og upp í 500 þúsund krónur, en öll jafn kærkomin og þakkarverð.

Þessar undirtektir á frumstigi málsins gefa ástæðu til bjartsýni um framhaldið. Að vísu eru þeir ekki margir enn sem hafa sent jákvæð svör (aðeins 7), en eðlilegt er að fólk þurfi nokkurn tíma til athugunar í svo mikilvægu máli. Á næstu vikum vonumst við eftir fjölmörgum svarbréfum, jafnvel allt að tíu sinnum fleiri en nú hafa borizt. Og ef þær vonir rættust, væri þessu mikla framfaramáli vel borgið.

Það skal fram tekið að engin nauðsyn er að nota áður send eyðublöð þegar svarað er, heldur getur fólk haft hvern þann hátt þar á sem því bezt hentar. Einnig skal á það bent að greiðslum framlaga eru raunar engin ákveðin tímatakmörk sett. Þær mega gjarna dreifast á eins til tveggja ára tímabil og jafnvel lengra.

Aðalatriðið er að fá það nokkurnveginn víst hvenær vonast megi eftir greiðslunum og hversu miklu í hvert sinn, því aðeins með því móti er hægt að ganga frá kaupum á húsi og semja um ákveðnar afborganir. Reyndar þarf að hafa talsvert fé handbært þegar kaupin verða gerð og því er nauðsynlegt að nokkuð margir greiði einhvern hluta framlags síns fyrir næstu áramót. En samt er það mest áriðandi að eiga framlögin vís, þó greiðslan dragist lengur eða skemur, enda ekki óhugsandi að hægt sé að fá skyndilán til þess að festa kaupin, ef fjárvon er til greiðslu þess, þegar þar að kemur.

Þá skal einnig haft hugfast að hverskyns annar stuðningur en beinar gjafir, væri vissulega vel þeginn. Líklega kæmu þar einna helst til greina lán til nokkurra ára með veði í húseign og einnig það að menn gerðust meðeigendur að þeirri eign sem keypt yrði.

Að lokum er frá því að segja að húskaupanefndin hefir nú látið skrautprenta styrktarmannaskírteini handa þeim sem styrkja vildu starfsemi F. N. með frjálsum framlagi í byggingasjóð. Eru skírteinin ætluð sem hjálpargögn fyrir þá félagsmenn sem leita vildu slíks stuðnings meðal vina og kunningja. Eyðublaðið er tvískipt. Skal seljandi (félagismaður) skrifa nafn og heimili kaupanda, svo og fjárhæð, á báða hlutana, afhenda kaupanda þann stærri og kvitta sjálfur undir, en senda þann minni sem fylgiskjal með peningunum til nefndarinnar. Skírteini þetta er einkar smekklegt og snoturt á að líta og vonast er til að hver sá sem slíkan miða kaupir, geymi hann sem heillagrip. Biðjum við þá félagsmenn sem vilja fá nokkur skírteini send, að láta okkur vita sem fyrst.

Bregðist nú vel við allir félagsmenn. Fram til nýrrar sóknar fyrir stefnu Nýals. Hittumst heilir í nýrri starfsmiðstöð á komandi hausti.

Reykjavík, 15. júní 1976.

Húskaupanefnd Félags Nýalssinna

Gunnar Grímsson Helgi Guðlaugsson
Sigurður Benediktsson.

Stjörnusambandsstöð Íslendinga, Rússa og Bandaríkjamanna

Á félagsfundi Nýalssinna 9. júní 1976 bar Þórarinn Helgason fram eftirfarandi tillögu:

„Fundur í Félagi Nýalssinna haldinn 9. 6. 1976 beinir því til stjórnar félagsins að athuga möguleika á því, að komið verði á fót, svo fljótt sem frekast er unnt, stjörnusambandsstöð, þar sem gerðar verði rannsóknir á kenningum Helga Pjeturss um framlif jarðarhúa á öðrum hnöttum í geimnum. Fundurinn telur að vel komi til greina að leita eftir fjárstuðningi hjá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum til að reisa stöðina, gegn vissum skilyrðum, til sameiginlegra nota ríkjanna í áðursögðu rannsóknarskygni.“

Í greinargerð tillögumans segir meðal annars:

„Helgi Pjeturss taldi, að Íslendingar hefðu hæfileika til að vera í fararbroddi meðal þjóða heims. Það verða þeir ekki, ef þeir einangra heimsfræði Helga Pjeturss í landi sínu, en hún er sá boðskapur, sem felur í sér forystuhlutverkið, sem okkur Nýalssinum ber að fylgja eftir með ráðum og dáð. Við skulum ekki ætla að Helgi Pjeturss, sá mikli spekingur, hafi ályktað það út í bláinn, að Íslendingar væru þessum vanda vaxnir. Hér er um að ræða stórfýðingarmikið verkefni, ekki aðeins forvitnilegt, heldur slíkt, er varðað getur alla tilveru og þróun okkar á þessari jörð.

Tillagan gerir ráð fyrir að leita til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um fjárhagslegan stuðning til að reisa stöðina. Ég vara við að leita til fleiri ríkja um slíkan stuðning. Það gæti orðið til þess, að erfitt eða jafnvel ógerningur yrði að hafa hemil á afnotum útlendinga af stöðinni. Enda má víst telja, að þessu tvö ríki tileinki sér alla þá tækni og þekkingu, sem völ er á til þeirra tak-

mörkuðu rannsókna sem tillagan greinir. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir sameiginlegum notum ríkjanna, felur það í sér að hvorugt þeirra geti hafið þar þukurstarfsemi um önnur efni en þau, sem samrýmst geta tilgangi stöðvarinnar um málefni Nýals.

Íslendingar eru í ógnvekjandi aðstöðu milli herveldanna í austri og vestri. Engin hertækni og vígbúnaður Bandaríkjanna er okkur vörn ef til styrjaldar kemur milli þessara hervelda. Stjórnusambandsstöð með aðild og samvinnu þessara ríkja horfir til aukins skilnings og vináttusambands milli ríkjanna, sem orka kann meiru en vitað er að óreyndu . . .“

Þórarinn Helgason.

Eftir nokkrar umræður á félagsfundinum 9. júní var tillagan samþykkt samhljóða og málinu þar með vísað til stjórnarinnar.

Stjórnin tók málið fyrir á fundi sínum 15. júní, og var þar samþykkt að efna til sérstaks fundar með Þórarni Helgasyni um þessa tillögu og meðferð hennar. Sá fundur var haldinn 21. júní og voru þar viðstödd: Kjartan Norðdahl, Gunnar Grímsson, Ingvar Agnarsson, Sigríður Jónsdóttir, Þorsteinn Guðjónsson og Helgi Guðlaugsson auk Þórarins Helgasonar.

Kjartan Norðdahl bar fram svohljóðandi tillögu:

„Fundur stjórnar Félags Nýalssinna 21. júní 1976 gerir eftirfarandi ályktun:

Kosin skal þriggja manna nefnd, sem gera skal nákvæma vinnuáætlun á grundvelli tillögu Þórarins Helgasonar frá síðasta félagsfundi. Skal áætlunin kynnt fyrir íslenskum alþingismönnum með fjárhagslegan og síðferðislegan stuðning þeirra í huga.

Kjartan Norðdahl.“

Tillagan var samþykkt mótatkvæðalaust og stungið var upp á þrem mönnum í nefnd til að vinna að þessu máli. Uppástungurnar voru samþykktar, og er nefndin því skipuð þessum mönnum:

Þórarinn Helgason, Pétur Hermannsson, Þorsteinn Guðjónsson.

EFNISYFIRLIT

Hornbjarg. Kvæði eftir Jónas Hallgrímsson (sjá forsíðu) Bls. 22

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 3. mars 1976	— 23
Umræður um endurbætur á húsinu. Rætt um húsnæði til starfsaðstöðu í Reykjavík.	
Aðalfundur 7. apríl 1976	— 25
Reikningar félagsins. Kosning stjórnar. Lagabreytingar.	
Reikningar Félags Nýalssinna fyrir árið 1975	— 28
Lög Félags Nýalssinna, samþykkt á aðalfundi félagsins 7. apríl 1976.	— 30
Yfirlit um starfsemi Félags Nýalssinna á liðnu starfsári.	— 33
1. Miðilsfundir	— 33
2. Miðlar	— 34
3. Fræðslu- og miðilsfundir	— 35
4. Kynningar- og umræðufundir	— 36
5. Félags- og stjórnarfundir	— 37
6. Kynning í útvarpi og fjölmiðlum	— 38
7. Markverðar samþykktir á fundum	— 40
8. Gafir	— 40
9. Sjálfbodavinna	— 41
10. Nauðsyn lagfæringa á húsinu	— 42
11. Útgáfustarfsemi	— 42
12. Stofnun Félags Nýalssinna á Akureyri ...	— 43
13. Ferðalög	— 44
14. Nefndir á vegum félagsins	— 44
15. Látnir félagar	— 45
16. Um fjölda félagsmanna	— 45
17. Nýalar endurheimtir	— 46
18. Áhugi fyrir húsnæði í Reykjavík	— 46
19. Nauðsyn fullkomnari stjórnusamb.stöðvar	— 46
20. Góður gestur	— 47
21. Sambönd við menn í öðrum löndum	— 47
22. Athyglisverð fyrirbæri á árinu	— 48
23. Almenn mál er snerta framgang og viðhorf Nýalsstefnunnar	— 48
24. Niðurlag	— 51
Starfsmiðstöð Félags Nýalssinna	— 52
Stjórnusambandsstöð	— 54

Stjórnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.